

Ed.

681. Tillaga

til þingsályktunar um veiting Þingvallaprestakalls.

Flm.: Guðrún Lárusdóttir.

Efri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að auglýsa Þingvallaprestakall til umsóknar hið bráðasta og hlutast til um, að sóknarprestinum verði falið á hendur umsjónarstarf það, sem nú er sérstakt og sérlaunað embætti, svo fljótt sem við verður komið.

Greinargerð.

Þingvallaprestakall hefir ekki verið auglýst til umsóknar síðan séra Guðmundur Einarsson fluttist þaðan árið 1928.

Þáverandi kirkjumálaráðherra, Jónas frá Hriflu, vildi fækka prestum að stórum mun og bannaði því biskupi landsins að auglýsa laus prestaköll um stundarsakir, þótt lögin um veitingu prestakalla frá 3. nóv. 1915 mæli svo fyrir, að hvert laust prestakall skuli auglýst til umsóknar (væntanlega tafarlaust).

Síðar leyfði þó þessi ráðherra að auglýsa prestaköllin, nema Þingvallaprestakall, sem enn situr á „forboðslistanum“ og nýtur ekki annarar prestsþjónustu en þeirrar, sem tveir prestar í fjarlægum héruðum geta veitt því.

Söfnuðir Þingvallaprestakalls fóru þess á leit í vetur, svo að segja einróma, að þeir fengju sérstakan prest, eins og þeir eiga auðvitað fulla heimtingu á, meðan prestakallið er ekki lagt niður að lögum. Biskup lagði eindregið með beiðni safnaðanna, en henni hefir ekki verið sinnt. Viðbáran mun vera sú, að lögin um friðun Þingvalla (frá 9. maí 1928) kæmu í veg fyrir það.

Ég hefi kynnt mér þessi lög, og ég get ekki lesið það út úr þeim, að þau „friði“ Þingvöll fyrir sóknarpresti. Þau tala um að verja landið „fyrir ágangi af sauðfé og geitum, og eyða þeim dýrum og fuglum, sem usla geri á hinu friðlýsta svæði“. Ótrúlegt er, að nokkur telji hættu á, að sóknarpresturinn fylli þann flokk.

Eina ákvæðið, sem getur komið til greina í þessu sambandi, er í 5. gr. laganna, svo hljóðandi: „Þingvallanefnd, skipuð þrem alþingismönnum, hefir fyrir hönd Alþingis yfirstjórn hins friðlýsta lands og annara jarða í ríkiseign, sem til eru greindar í 2. gr.“, – og „Þingvallanefnd má ráða umsjónarmann á Þingvöllum til 5 ára í senn“.

En þrátt fyrir þetta virðist ástæðulítið að banna prestinum að búa á Þingvöllum, fremur en bændum að búa á öðrum jörðum á hinu friðlýsta landi.

Þá er það ekki sennilegt, að presturinn væri óhæfari til umsjónarmennsku á þessum stað heldur en hver annar maður, og munu fleiri en ég telja það mjög lélega ráðsmennsku að útrýma prestinum, kaupa söfnuðunum aukreitis prestsþjónustu og gjalda sérstökum umsjónarmanni allt að því tvöföld prestslaun, að ótöldum ýmsum hlunnindum, sem prestar fá aldrei, í stað þess að láta prestinn húa á Þingvöllum, þjóna prestakallinu og annast umsjónarstörf þar að auki, fyrir einhverja smávegis þóknun, en það væri honum innan bandar án þess að vanrækja prestsembættið.

Á Þingvöllum var kristni lögtekin á Alþingi árið 1000. Þar hefir verið prestssetur síðan á 12. öld. Hljóta því allir þjóðræknir kirkjuvinir að telja það ósæmandi og illa farið að svipta þann stað presti sínum, svo sem hér hefir greint verið, og það í raun og veru í algerðu heimildarleysi.